

## GJALDSKRÁ

### fyrir hunda- og kattahald í Vestmannaeyjabæ.

#### 1. gr.

Af eigendum hunda og katta í Vestmannaeyjabæ skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hunda- og kattahald í Vestmannaeyjabæ nr. 776/2014.

#### 2. gr.

|  |           |
|--|-----------|
| Við umsókn um skráningu hunda og katta skal innheimta gjald sem hér segir: |           |
| Skráningargjald  | kr. 7.000 |
| Skráning eftir útrunninn frest   | kr. 9.100 |
| Bráðabirgðaskráning  | kr. 2.100 |

#### 3. gr.

|  |           |
|--|-----------|
| Af skráðum hundum og köttum skal innheimta árlegt gjald sem hér segir: |           |
| Fyrir hvert dýr  | kr. 5.000 |
| Ekki skal innheimta árgjald sama ár og dýr er skráð.                   |           |

#### 4. gr.

|   |            |
|---|------------|
| Við afhendingu handsamaðs dýrs skal innheimta handsömunargjald sem hér segir: |            |
| Fyrsta afhending  | kr. 7.500  |
| Önnur afhending (innan tveggja mánaða)  | kr. 11.250 |
| Priðja afhending (innan tveggja mánaða)                                       | kr. 22.500 |

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi dýrs. Óskráð dýr má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

#### 5. gr.

Gjalddagi skv. 10. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Vestmannaeyjabæ er 1. febrúar og eindagi 28. febrúar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Hafi leyfi ekki verið greitt á eindaga fellur það úr gildi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Við afskráningu dýrs ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

#### 6. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunahrunda eiga rétt á niðurfellingu leyfisgjalds enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi. Þeir eru hins vegar skráningarskyldir og þarf að greiða af þeim skráningargjald.

#### 7. gr.

Ofangreind gjaldskrá Vestmannaeyjabær staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, sbr. samþykkt um hunda- og kattahald í Vestmannaeyjum nr. 776/2014 til að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Vestmannaeyjum, 15. október 2014.*

**Ólafur Þór Snorrason,**  
framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs.